



Borgþór Magnússon er menntaður gróðurvistfræðingur. Hann lauk BS-prófi í líffræði frá HÍ árið 1976, MS-prófi í vistfræði frá Aberdeen-háskóla í Skotlandi árið 1979 og doktorsprófi í gróðurvistfræði frá grasafræðideild Manitoba-háskóla í Kanada árið 1986. Borgþór starfaði sem sérfræðingur við Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) 1986-2001 og eftir það hjá Náttúrufræðistofnun Íslands til ársins 2022 þegar hann fór á eftirlaun.

Borgþór kom fyrst að rannsóknum í Surtsey með Sturlu Friðrikssyni sem sumarstarfsmaður Surtseyjarfélagsins árin 1975, 1977 og 1978, ásamt skólafélaga sínum Jóni Guðmundssyni. Borgþór tók svo upp þráðinn eftir að hann fluttist aftur til landsins eftir framhaldsnám árið 1986 og var þátttakandi í árlegum líffræðileiðöngum til ársins 2022.

Borgþór gerðist formlega meðlimur í Surtseyjarfélaginu árið 1990 og tók sæti í stjórn félagsins árið 1997. Hann varð ritari félagsins árið 2004 og varaformaður þess 2009-2022. Í þau tæpu 20 ár sem Borgþór var í stjórn félagsins lagði hann drjúga hönd á plóg við fjáröflun fyrir félagið bæði til fræðilegrar starfsemi þess og uppbyggingu innviða í Surtsey, annaðist skipulagningu rannsóknaleiðangra og var formaður undirbúningsnefndar fyrir stóra alþjóðlega ráðstefnu sem haldin var í tilefni 50 ára afmælis eyjarinnar árið 2013, og sat í ritstjórn Surtsey Research, svo fátt eitt sé talið.

Borgþór hefur verið meðlimur í félaginu í 35 ár og virkur í starfi þess í alls 50 ár. Að öllum öðrum ólöstuðum þá var það ekki síst hans verk að allar líffræðirannsóknir í Surtsey voru unnar í mikilli teymisvinnu þar sem áhersla var jafnframt lögð á að opna þær fyrir yngra fólki sem gæti síðar tekið við keflinu.

Ritalisti Borgþórs um rannsóknir í Surtsey er orðinn langur og trúnaðarstörf hans fyrir félagið meiri en flestra annarra núlifandi félaga og hann er því vel kominn að því að vera útnefndur heiðursfélagi Surtseyjarfélagsins.

Ritalisti Borgþórs Magnússonar um Surtsey

1. **Borgþór Magnússon** (1992). Soil respiration on the volcanic island Surtsey, Iceland in 1987 in relation to vegetation. Surtsey.Research.Progress.Report, X, 9-16.
2. Sturla Friðriksson og **Borgþór Magnússon** 1992. Development of the ecosystem on Surtsey with reference to Anak Krakatau. GeoJournal.28: 287-291.
3. **Borgþór Magnússon**, Sigurður H. Magnússon & Jón Guðmundsson (1996). Gróðurframvinda í Surtsey. Icelandic.Agricultural.Sciences, 10, 253-272.
4. **Borgþór Magnússon** & Sigurður H. Magnússon (2000). Vegetation succession on Surtsey during 1990-1998 under the influence of breeding gulls. Surtsey.Research.Progress.Report, 11, 9-20.

5. **Borgþór Magnússon** og Erling Ólafsson 2003. Fuglar og framvinda í Surtsey. Fuglar, ársrit. Fuglaverndar 2003, 22-29.
6. **Borgthór Magnússon**, Sigurdur H. Magnússon & Sturla Fridriksson (2009). Development in plant colonization and succession on Surtsey during 1999-2008. Surtsey. Research, 12, 57-76.
7. Bjarni D. Sigurdsson & **Borgthor Magnusson** (2010). Ecosystem respiration, vegetation development and soil nitrogen in relation to breeding density of seagulls on a pristine volcanic island, Surtsey, Iceland. Biogeosciences, 7, 883-891. doi:doi:10.5194/bg-7-883-2010
8. **Borgthor Magnússon**, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson & Bjarni D. Sigurdsson (2014). Plant colonization, succession and ecosystem development on Surtsey with reference to neighbouring islands. Biogeosciences, 11(19), 5521-5537. doi:10.5194/bg-11-5521-2014
9. del Moral, R. & **Borgþór Magnússon** (2014). Surtsey and Mount St. Helens: a comparison of early succession rates, Biogeosciences?11, 2099–2111, <https://doi.org/10.5194/bg-11-2099-2014>, 2014.
10. Leblans, N. Bjarni D. Sigurdsson, Roefs, P., Thuys, R., **Borgþór Magnússon** & Janssens, I. A. (2014). Effects of seabird nitrogen input on biomass and carbon accumulation after 50 years of primary succession on a young volcanic island, Surtsey. Biogeosciences, 11, 6237–6250,. doi:doi:10.5194/bg-11-6237-2014.
11. Leblans, N., Bjarni D. Sigurdsson, Aerts, R., Vicca, S., **Borgþór Magnússon** & Janssens, I. A. (2017). Icelandic grasslands as long-term C sinks under elevated organic N inputs. Biogeochemistry?134(3), 279-299. doi:<https://doi.org/10.1007/s10533-017-0362-5>
12. Borgthor. Magnusson? Sigurdur H. Magnusson, Erling Olafsson & Bjarni D. Sigurdsson 2017. Colonization and ecosystem development on Surtsey volcanic island? Iceland; 102nd Annual Meeting of the Ecological Society of America. August 6 – August 11, 2017. Portland, Oregon. Abstract. <https://eco.confex.com/eco/2017/meetingapp.cgi/Paper/62893>
13. **Borgthór Magnússon**, Gudmundur A. Gudmundsson, Sigmar Metúsalemsson & Sandra M. Granquist, (2020). Seabirds and seals as drivers of plant succession on Surtsey. Surtsey. Research, 14, 115-130. doi:<https://doi.org/10.33112/surtsey.14.10>
14. Pawel Wasowicz, Thorsteinsson, S., **Borgþór Magnússon**, Eypór Einarsson, Valgeir Bjarnason, Ágúst H Bjarnason, , . . . Bjartmar Sveinbjörnsson (2020). Vascular plant colonisation of Surtsey Island (1965-1990)-a dataset. Biodiversity. Data Journal, 8, e54812. doi:<https://doi.org/10.3897/BDJ.8.e54812>
15. Bjarni D. Sigurdsson, Esther M. Kapinga & **Borgthór Magnússon** (2022). Vegetation cover, gross photosynthesis and remotely sensed vegetation indices in different aged sub-arctic volcanic islands in the Vestmannaeyjar archipelago; Surtsey. Research, 15, 31-40. doi:<https://doi.org/10.33112/surtsey.15.3>

16. **Borgthór Magnússon** (2022). Introduction. *Surtsey Research*, 15, 7.
doi:<https://doi.org/10.33112/surtsey.15.1>
17. Gróa Valgerdur Ingimundardóttir, Nils Cronberg & **Borgthór Magnússon** (2022). Bryophytes of Surtsey, Iceland: Latest developments and a glimpse of the future. *Surtsey Research*, 15, 61-87. doi:<https://doi.org/10.33112/surtsey.15.6>
18. Sigurður H. Magnússon, Pawel Wasowicz & **Borgthór Magnússon** (2022). Vascular plant colonisation, distribution and vegetation development on Surtsey during 1965–2015. *Surtsey Research* 15: 9-29.
<https://doi.org/10.33112/surtsey.15.2>
19. Schrenk, H., **Borgþór Magnússon**, Bjarni D. Sigurdsson & Graf zu Castell-Rüdenhausen, W. (2022): Systemic analysis of a developing plant community on the island of Surtsey. - *Ecology and Society* 27, 1, 35. <https://doi.org/10.5751/ES-12980-270135>
20. **Borgþór Magnússon**, Sigurður H. Magnússon, Pawel Wasowicz, Járngerður Grétarsdóttir, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Bjarni Diðrik Sigurðsson 2023. Surtsey 60 ára: Landnám plantna og framvinda. *Náttúrufræðingurinn* 93: 6-26.